

Hrunamannahreppur

Yfirborðsjarðhiti í byggð



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Hrunamannahrepp

ÍSOR-2011/003

ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR

Reykjavík: Orkugarður, Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1699
Akureyri: Rangárvöllum, P.O. Box 30, 602 Ak. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1599
isor@isor.is – www.isor.is

Hrunamannahreppur

Yfirborðsjarðhiti í byggð

Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Hrunamannahrepp

ÍSOR-2011/003

Apríl 2011

Mynd á kápu: Vaðmálhver á Flúðum

Skýrsla nr. ÍSOR-2011/003	Dags. Apríl 2011	Dreifing <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Hrunamannahreppur. Yfirborðsjarðhiti í byggð.		Upplag 15
		Fjöldi síðna 65 + kort í vasa
Höfundur Haukur Jóhannesson		Verkefnisstjóri Haukur Jóhannesson
Gerð skýrslu / Verkstig		Verknúmer 500029
Unnið fyrir Hrunamannahrepp		
Samvinnuaðilar		
<p>Útdráttur</p> <p>Lýst er öllum þekktum jarðhitastöðum í byggð í Hrunamannahreppi. Þeir voru allir staðsettir með GPS-tækni og hitastig þeirra var mælt og rennsli metið. Birtar eru ljósmyndir af fjölda staða. Jarðhitinn í Hrunamannahreppi er bundinn við nokkra km breiða rein sem liggur frá Tungufelli og niður á Skeið. Þetta fellur vel að jarðfræðinni og niðurstöðum viðnámsmælinga. Öflugasti hitinn er kringum Reykjadal og Kotlaugar.</p> <p>Leiddar eru líkur að því að uppstreymi heita vatnsins tengist sprungu- og misgengjarein sem rekja má eftir endilöngum hreppnum og alla leið upp í Kerlingarfjöll. Ef svo reynist má búast við að eftir miklu meira sé að slægjast en menn hafa hingað til búist við.</p>		
Lykilorð Hrunamannahreppur, Suðurland, jarðhiti, viðnámsmælingar		ISBN-númer
		Undirskrift verkefnisstjóra
		 Yfirfarið af
		StH

Efnisyfirlit

1	Inngangur	9
2	Tungufell	9
3	Jaðar	11
4	Hlíð.....	14
5	Foss.....	15
6	Jata.....	16
7	Haukholt	17
8	Skipholt.....	19
9	Kotlaugar.....	21
10	Kópsvatn	22
11	Ás.....	25
12	Reykjadalur/Laugar	29
13	Miðfell.....	33
14	Gata	33
15	Túnsberg	34
16	Kluftir	34
17	Syðra-Langholt.....	35
18	Auðsholt.....	36
19	Skollagróf	37
20	Flúðir.....	37
	20.1 Högnastaðir/Gröf	38
	20.2 Grafarbakki	46
	20.3 Hellisholt	53
21	Galtafell.....	55
22	Samantekt	56
23	Heimildir.....	65

Töflur

Tafla 1.	Yfirlit um jarðhitastaði.....	57
----------	-------------------------------	----

Myndir

Mynd 1. <i>Nyrsta velgjan í gílinu austan við Tungufell (H11046).</i>	9
Mynd 2. <i>Kjalardalur austan við Tungufell.</i>	10
Mynd 3. <i>Uppkomur í mýri 250 m austan við bæinn í Tungufelli</i>	11
Mynd 4. <i>Staður H11009 í skurði norðan við Dalsá í landi Jaðars.</i>	12
Mynd 5. <i>Volgra H11015 við Dalsá í landi Jaðars.</i>	13
Mynd 6. <i>Volgra H11016 við Dalsá í landi Jaðars.</i>	14
Mynd 7. <i>Hlíðarlaug. H11040 á miðri mynd en nr. 32 til vinstri.</i>	15
Mynd 8. <i>Staður H11024. Volgilækur sunnan við Foss.</i>	15
Mynd 9. <i>Staður H11025. Hægra megin sést til bæjar að Fossi.</i>	16
Mynd 10. <i>Volgrur H11021 og H11022 eru undir grasbrekkunni vinstra megin.</i>	17
Mynd 11. <i>Volgra H11023 er í grafningi handan við skúrinn.</i>	17
Mynd 12. <i>Laugarbarð í Haukholtum (H11026).</i>	18
Mynd 13. <i>Laugaklauf við Hvítá</i>	18
Mynd 14. <i>Kambasund við Skipholt (H11028).</i>	19
Mynd 15. <i>Laug vestan við Kamba í Skipholti (H11029).</i>	20
Mynd 16. <i>Volgran við Prestaholt (H11030)</i>	20
Mynd 17. <i>Laug (H11031) skammt sunnan við gamla bæjarstæðið á Kotlaugum</i>	21
Mynd 18. <i>Staðir H11033 og H11034.</i>	22
Mynd 19. <i>Velgja H11036 á Borgardal.</i>	23
Mynd 20. <i>Staður H11037. Horft inn Borgardal.</i>	23
Mynd 22. <i>Smærnadý á Kópsvatni (H11039).</i>	24
Mynd 23. <i>Sólheimalaug (H11041).</i>	25
Mynd 24. <i>Volgra H11042</i>	25
Mynd 26. <i>Hrunalaug.</i>	27
Mynd 27. <i>Staðir 58–61</i>	27
Mynd 28. <i>Staðir nr. 59 og 60</i>	28
Mynd 29. <i>Hverahrúður (staður nr. 65) vestan Lauga.</i>	29
Mynd 30. <i>Rosakrökur heitir hvammurinn handan við túnin.</i>	30
Mynd 31. <i>Hverabakki handan við Laugalæk.</i>	31
Mynd 32. <i>Nyrsti hluti Hveraáss</i>	31
Mynd 33. <i>Hverinn (nr. 78)</i>	32
Mynd 34. <i>Staður nr. 79 í vesturbakka Laugalækjar ofan og gegnt Hverabakka.</i>	32
Mynd 35. <i>Miðfellsgil</i>	33
Mynd 36. <i>Brennimýri við Túnsberg</i>	34
Mynd 37. <i>Laugarás í Kluftalandi</i>	35
Mynd 38. <i>Volgadí er í hægri skurðbakknum handan girðingar</i>	35
Mynd 39. <i>Laugaflóð í Auðsholti</i>	36
Mynd 40. <i>Staður 94 við Skollagróf</i>	37
Mynd 41. <i>Staður H11089 sunnan undir Vaðmálahver</i>	38
Mynd 42. <i>Vaðmálahver (H11076)</i>	38

Mynd 43. <i>Básahver</i>	39
Mynd 44. <i>Staðir H11080, H11081 og H11082</i>	39
Mynd 45. <i>Básahver er rétt hérna megin við steypa skúrinn</i>	40
Mynd 46. <i>Staður H11085</i>	40
Mynd 47. <i>Staðir H11089 og H1109</i>	41
Mynd 48. <i>Staðir H11091–H1109</i>	42
Mynd 49. <i>Staður H11099</i>	42
Mynd 50. <i>Staðir H11101 og H11096–H11100</i>	43
Mynd 51. <i>Staður H11102</i>	43
Mynd 52. <i>Hverinn Fúll (H11258 og H11257)</i>	44
Mynd 53. <i>Staður H11259</i>	44
Mynd 54. <i>Staður H11294 við Litlu-Laxá</i>	45
Mynd 55. <i>Staður H11295 við Litlu-Laxá</i>	45
Mynd 56. <i>Staður H11296 við Litlu-Laxá</i>	46
Mynd 57. <i>Staður H11105</i>	47
Mynd 58. <i>Staður H11271</i>	47
Mynd 59. <i>Staður H11106</i>	48
Mynd 60. <i>Staður H11400</i>	48
Mynd 61. <i>Grafarbakkahver. Staðir H11293 og H11270</i>	49
Mynd 62. <i>Staður H11273</i>	49
Mynd 63. <i>Staður H11278</i>	50
Mynd 64. <i>Staður H11283</i>	50
Mynd 66. <i>Staður H11282</i>	51
Mynd 67. <i>Hellisholtahver. Staður H11263</i>	53
Mynd 68. <i>Staður H11264</i>	54
Mynd 69. <i>Staður H11265</i>	54
Mynd 70. <i>Staðir H11266–H11269</i>	55
Mynd 71. <i>Viðnám á Suðurlandi á 250 m dýpi</i>	61
Mynd 72. <i>Viðnám á Suðurlandi á 500 m dýpi</i>	62
Mynd 73. <i>Viðnám á Suðurlandi á 750 m dýpi</i>	63
Mynd 74. <i>Tengsl Kerlingarfjalla og yfirborðsjarðhita í Hrunamannahreppi</i>	64
Mynd 75. <i>Virkar megneldstöðvar og sprungureinar þeirra</i>	64

Kort

Jarðhitakort af Hrunamannahreppi

1 Inngangur

Samkvæmt samningi milli Íslenskra orkurannsókna og Hrunamannahrepps var ráðist í kortlagningu á jarðhita í byggð í Hrunamannahreppi. Kortlagningin var unnin í nokkrum áföngum á árunum 2006 og 2007. Farið var á alla þekkta staði og þeir kortlagðir nokkuð nákvæmlega. Þeir voru staðsettir með GPS-staðsetningartæki, hitastig mælt og rennsli metið. Einnig var spurst fyrir um jarðhita og kom þá í ljós að fleiri voru þekktir sem ekki voru í skrá Íslenskra orkurannsókna. Einnig fundust staðir sem ekki hafði verið tekið eftir fyrir. Hugað var að sprungum og misgengjum sem tengja mætti uppstreymi heita vatnsins. Meginkaflinn í skýrslunni er lýsing jarðhitastaðanna en aftan við hann er stutt umfjöllun um stóru drættina í jarðhitanum og hvernig hann gæti hugsanlega tengst virkum sprungukerfum. Í vasa aftast í skýrslunni er stórt jarðhitakort. Þegar litið er yfir sviðið má segja að fá sveitarfélög eigi eins ríkulega jarðhitaauðlind og Hrunamannahreppur.

2 Tungufell

Jarðhiti er austan við bæinn í Tungufelli og raðar sér á línu sem liggur NA-SV. Nyrst er jarðhiti í gili austan við bæinn í Tungufelli sem nefnist Kjalardalur. Jarðhitaeinkenni sjást á læknum sjálfum, einkum er neðar dregur, óvenjulega mikil slýmyndun og hvítt á steinum.

1. Lind sem er í steinbrunni ofarlega í gili vestanmegin. Brunnurinn er lokaður. Hún kemur vestan undan grasigrónum bakka. Hitastig mældist 8,6°C og rennsli sem sást líklega um 2 l/s (H11046, Kjalardalur_1).



Mynd 1. Nyrsta velgjan í gili austan við Tungufell (H11046).

- Um 10 metrum sunnan við nr. 1 sprettur upp lind í eyri austan við lækinn – velgjan er á um tveggja metra kafla. Þar eru hvítar útfellingar á steinum á nokkru svæði. Hiti mældist 11,6°C og rennsli var áætlað um 1 l/s (H10992, Kjalardalur_2).



Mynd 2. Kjalardalur austan við Tungufell. Margar lindir spretta þar upp og eru flestar austan við lækinn (hægra megin á myndinni). Staður H11046 er efst á myndinni.

- Lítill lind í vesturbakka gilsins. Sprettur upp á um 0,5 m kafla og er nokkuð af slýi í kring. Hiti mældist 12,8°C og rennsli áætlað um 0,1 l/s (H10993, Kjalardalur_3).
- Um 10 metrum sunnan við nr. 3 er seytle í austurbakkanum. Hiti mældist 13,5°C (H10994, Kjalardalur_4).
- Í austurbakkanum er kubbabergslag og út úr því sprettur 13,6°C heit lind og er rennsli um 0,3 l/s. Hvítar útfellingar á steinum. Lækur rennur frá klettinum og niður í gilið. 10995, Kjalardalur_5).
- Undan kubbabergi í austurbakka. 13,6°C heitt og rennsli 0,1–0,2 l/s (H10996, Kjalardalur_6).
- Tvö augu sem koma upp undan kubbabergskletti í austurbakka gilsins. Hiti mældist 13,8°C og rennsli um 0,1–0,2 l/s (H10997, Kjalardalur_7).
- Seytl í mosagróinni urð austan við lækinn. Hiti 11,8°C (H10998, Kjalardalur_8).
- Seytl undan kubbabergi í austurbakka og má segja að nái saman við nr. 8. Hiti mældist 12,3°C (H10999, Kjalardalur_9).
- Lind sem kemur upp í kubbabergsskúta austan við gilið sunnarlega þar sem það fer að sveigja meira í vestur. Brúnt slý áberandi. Hiti mældist 13,5°C og rennsli um 0,1 l/s (H11000, Kjalardalur_10).

11. Skammt suður frá nr. 10 kemur upp vatn á kubbabergsstalli um 2–3 metrum ofan lækjar sem er gegnt brunni í vesturbakka gilsins og um þremur metrum sunnan við nr. 10. Hiti mældist 14,1°C og rennsli er um 0,5 l/s (H11001, Kjalardalur_11).
12. Grafningur norðvestan lækjar sem fellur í gilið sunnarlega. Í mýrarbletti eru jarðhitummerki en ekki skýr. Hiti mældist 8,8°C og rennsli er 0,2–0,3 l/s (H11002, Kjalardalur_12).
13. Stórt, grænt dý þar sem línan endar við ofangreindan læk. Hiti mældist 11,3°C (H11003, Lambalæksbotnar_1).
14. Um 250 m suðvestan við nr. 13. er stórt, vatnsósa flag. Sunnarlega í flaginu eru tveir steinbrunnar. Mælt var í augum utan við brunnana og reyndist hiti vera 14,9°C. Rennsli utan við brunnana er óverulegt (H11004, Lambalæksbotnar_2).
15. Um 25 metrum norðan við nr. 14 er stakur steinbrunnur nyrst í stórri uppkomu sem er 8–10 m í þvermál. Mikið slý er kringum brunninn. Hiti mældist 13,9°C og rennsli utan við brunninn eru nokkrir l/s (H11005, Lambalæksbotnar_3).



Mynd 3. Uppkomur í mýri 250 m austan við bæinn í Tungufelli (staður H11004 fjær og H11005 nær). Brunnar hafa verið settir yfir flestar uppkomurnar. Áberandi slý er við brunninn næst á myndinni. Horft í suðvestur.

3 Jaðar

Jarðhiti í landi Jaðars er við og norðan Dalsár, um 750 metrum sunnan við bæinn. Þessi jarðhiti virðist vera í beinu framhaldi af velgjunum austan við Tungufell. Fyrst er talinn upp jarðhiti í N-S skurði, sem gengur niður að Dalsá, og byrjað norðan frá. Alls er svæðið um 100–150 metra langt. Við Dalsá sést að jarðhitinn er tengdur sprungu eða misgengi í þóleiít-hraunlagi sem stefnir N20°A. Ef um misgengi er að ræða þá hefur það fall til vesturs.

16. Auga í vesturbakka skurðar. Áberandi grænt slý. Hiti mældist 18,9°C og rennsli er um 0,1 l/s (H11006, Þýfi_1).
17. Nokkru sunnar en nr. 16 er 30 sm skápur inn í vesturbakka skurðarins. Töluvert bólustreymi. Hitastig mældist 20,2°C og rennsli áætlað 0,2–0,3 l/s (H11007, Þýfi_2).
18. Um einum metra sunnar en nr. 17. er auga við vesturbakka lækjar sem rennur eftir skurðinum. Hiti er 19°C (H11008, Þýfi_3).
19. Í vesturbakka skurðar er uppkomuauga með grænu slýi. Hiti mældist 20°C og rennsli er 0,2–0,3 l/s (H11009, Þýfi_4).



Mynd 4. Staður H11009 í skurði norðan við Dalsá í landi Jaðars.

20. Seytl í vesturbakka skurðar skammt suður af H11009. Hiti mældist 14,7°C (H11010, Þýfi_5).
21. Seytl í austurbakka skurðar um einum metra sunnan við H11010. Hiti mældist 16°C (H11011, Þýfi_6).
22. Seytl í austurbakka skurðar. Hiti mældist 17,4°C (H11012, Þýfi_7).
23. Uppkoma í vesturbakka skurðar og er brúnt slý áberandi. Hiti mældist 17,5°C og rennsli áætlað um 0,1 l/s (H11013, Þýfi_8).
24. Seytl í austurbakka skurðar skammt norðan við girðingu sem liggur með Dalsá. Hiti mældist 13,7°C (H11014, Þýfi_9).

25. Volgra efst í klöpp og undan moldarbarði við Dalsá ofan við skurðendann. Hiti mældist 20°C og rennsli er 0,8–1 l/s. Nokkurt slý er í kringum volgruna og hvítar útfellingar á steinum (H11015, Dalsá_1).



Mynd 5. Volgra H11015 við Dalsá í landi Jaðars.

26. Nokkru neðar og skammt ofan við mynni títtnefnds skurðar er áberandi klöpp við Dalsá. Staðurinn er 6–7 metrum neðar við ána en nr. 25. Þarna eru 2–3 augu efst í klöppinni. Hitastig er 22,5°C og rennsli áætlað um 0,5 l/s. Hvítar útfellingar á steinum og töluvert grænt slý. Milli nr. 25 og 26 er eitt auga sem mældist 20°C en rennsli hverfandi (H11016, Dalsá_2).
27. Um 40 metrum neðar en nr. 26 er sprunga í klöpp og hvítar útfellingar á 3–4 metra kafla við Dalsá. Hiti mældist 13°C en rennsli hverfandi lítið (H11017, Dalsá_3).



Mynd 6. Volgra H11016 við Dalsá í landi Jaðars.

4 Hlíð

Jarðhiti er á tveimur stöðum í landi Hlíðar. Annar staðurinn er við Dalsá gegnt jarðhitanum á Jaðri (staðir 28–30) og er þar greinilega á sömu sprungu. Hinn staðurinn, Hlíðarlaug, er 250–300 metrum suðvestar (staðir 31–32).

28. Volgt vatn sprettur upp í sprunginni klöpp á 2x4 metra svæði sunnan Dalsár gegnt stað nr. 26 á Jaðri. Hvítar útfellingar á steinum og töluvert slý. Hiti mældist 21,5°C en rennsli sáralítið (H11018, Dalsá_4).
29. Um 8–10 metrum sunnan við nr. 28 sprettur upp volgt vatn í mel á 2x2 metra svæði. Nokkuð sést af slýi. Hiti mældist 16,8°C en rennsli sáralítið (H11019, Dalsá_5).
30. Um 8 metrum sunnan við nr. 29. er seytl í norðurbrún moldarbarðs. Hiti mældist 11,9°C (H11020, Dalsá_6).
31. Hlíðarlaug er nokkru suðvestan við Dalsá og austur af svonefndu Miðmundaholti. Aðalaugun eru tvö. Það eystra er í lækjargrafningi. Uppkoman hefur grafið út nokkuð breiða geil. Hvítar útfellingar á steinum en slý er tiltölulega lítið. Hiti mældist 26,1°C og rennsli er 2–3 l/s. Lækurinn í grafningnum rennur til vesturs niður í gegnum svonefnda Torfmýri. Á þessum stað var fyrrum baðpollur sem nú sést ekki urmull af. Þarna var einnig matjurtagarður og einnig var þar gróðursett eplatré sem hjaraði í nokkur ár (H11040, Hlíðarlaug).
32. Annað auga um fimm metrum norðan við nr. 31 og er 2–3 metrum hærra í landinu og í grunnum grafningi. Hiti mældist 20,6°C og rennsli er 0,1–0,2 l/s. Nokkuð slý er í kringum laugina (H11040).



Mynd 7. *Hlíðarlaug. H11040 á miðri mynd en nr. 32 til vinstri.*

5 Foss

Jarðhiti er sunnan við bæinn Foss á tveimur stöðum.

33. Volgilækur er 750 metrum fyrir sunnan bæinn, í hlíðarfætinum. Þar er moldar-grafningur undir grasivaxinni hjallabrekku. Skurður liggur með hlíðarfætinum að vestanverðu. Þar er eðjupollur með uppkomu og dökkgrænt slý. Hitastig mældist 19,9°C og rennsli var áætlað 0,2 l/s (H11024, Volgilækur).



Mynd 8. *Staður H11024. Volgilækur sunnan við Foss.*

34. Um 100–150 metrum sunnar er stórt, grænt dý sem er um 10 metrar í þvermál. Það er undir brattri hlíð og á milli hennar og skurðarins sem liggur með henni. Dýið er grænt af mosa og í því er lítilsháttar bólustreymi. Hæstur hiti mældist 21,4°C (H11025, Foss_2).



Mynd 9. Staður H11025. Hægra megin sést til bæjar að Fossi.

6 Jata

Jarðhiti er við bæinn í Jötu, 2,5 km sunnan við jarðhitann á Fossi og virðist vera á sömu línu.

35. Suðvestur af bænum í Jötu er sund milli tveggja holta. Um 100 metrum suður af bænum í umræddu sundi er volgra. Hún er dý sem kemur upp í grasvæng austan megin í sundinu. Hiti er 9,7°C en rennsli lítið (H11021, Jata_1).
36. Um 20 metrum nær bænum er annað dý. Þar eru hvítar útfellingar á steinum. Hiti mældist 7,4°C en rennsli sáralítið (H11022, Jata_2).
37. Syðsta húsið í húsaþyrpingunni í Jötu er skúr og á bak við hann er volgra í lækjargrafningi. Vatnið úr volgrunni er leitt vestur fyrir skúrinn í plaströri. Hiti mældist 22,2°C og rennsli áætlað 0,2 l/s. Þarna var borað árið 1976 (B91031) en holan er ekki notuð (H11023, Jata_3).



Mynd 10. Volgrur H11021 og H11022 eru undir grasbrekkunni vinstra megin.



Mynd 11. Volgra H11023 er í grafningi handan við skúrinn.

7 Haukholt

Jarðhiti er á tveimur stöðum í landi Haukholta. Annar staðurinn er við bæinn en hinn er ofan í gljúfri Hvítár vestur af bænum.

38. Skammt norður af bænum í Haukholtum og austur af borholunni HH-01 (B91171) er ás sem heitir Laugarbarð. Vestan undir þessu barði er svæði um 25 m að lengd þar

sem smáaugu koma upp. Mestur hiti er 9,9°C og heildarrensli er um 0,2 l/s. Stærsta augað var notað til þvotta fyrrum og nefnist það Laugin (H11026, Laugarbarð).



Mynd 12. Laugarbarð í Haukholtum (H11026). Laugin er í moldargrafningnum hægra megin á myndinni.

39. Ofan í gljúfri Hvítár um 250 metrum norðvestur af bænum er jarðhiti. Þar er geng geil niður sem heitir Laugaklauf. Jarðhitinn kemur upp í klöpp niður undir ánni skammt innan (norðan) við klaufina. Svæðið er um 5 metrar í þvermál og stendur um einum metra ofan við vatnsborðið. Mestur hiti mældist 31°C en rennsli er aðeins um 0,1–0,2l/s. Klöppin er mikið sprungin (H11027, Laugaklauf).



Mynd 13. Laugaklauf við Hvítá. Jarðhitinn (H11027) er þar sem maðurinn stendur.

8 Skipholt

Jarðhiti í landi Skipholts er á þremur stöðum. Tveir staðanna eru um 1,5 km norðan við bæinn en sá þriðji er um einum km norðar, skammt suður af Hvítárdal.

40. Kambar heitir klettaholt við þjóðveginn um 1,5 km norðan við Skipholtsbæina. Austan vegar er svonefnt Kambasund. Austan við Kambana, í vestanverðu sundinu, er volgra. Hún kemur upp í mýri um fimm metra frá skurðbakka nyrst á móts við Kamba. Þar er slý en lítið af hvítum útfellingum. Hiti er 28,3°C en rennsli metið 0,3–0,4 l/s. Einhvern tíma hefur verið hlaðið í kringum laugin. Laugin er í landi Skipholts II og III (H11028, Kamsund).



Mynd 14. Kambasund við Skipholt (H11028).

41. Vestan við Kamba og um 10–15 m vestan þjóðvegjar er önnur laug. Hún sprettur upp undan klöpp og frá henni rennur lækur niður í mýrina fyrir vestan sem er leirborin. Hvítar útfellingar eru á steinum og nokkurt slý. Hiti mældist 23,3°C og rennsli áætlað 0,2 l/s. Laugin er í landi Skipholts I (H11029, Kambur).



Mynd 15. *Laug vestan við Kamba í Skipholti (H11029).*

42. Um einum km norðar en tveir síðastnefndu staðirnir er lítið holt austan vegar sem heitir Prestaholt. Norðan þess sprettur upp lítil velgja í deiglendi og flag í kring sem skepnur sækja í. Frá henni er mjó rás sem fellur í skurð við veginn. Hiti er 14,8°C og rennsli metið 0,1 l/s. Volgran er í landi Skipholts II og III (H11030, Prestholt).



Mynd 16. *Volgran við Prestaholt (H11030). Hvítárdalur í baksýn.*

9 Kotlaugar

Jarðhiti er á tveimur stöðum við Kotlaugar. Annars vegar við gamla bæjarstæði Kotlaugabæjarins og hins vegar um 150 metrum vestar, á merkjum milli Kotlauga og Skipholts.

43. Gamla bæjarstæði Kotlauga var sunnan á lágum klettaás austan Þjóðvegur og nokkru sunnar en bærinn stendur nú. Sunnan við ásinn er skurður þvert á veginn. Í enda hans, 10 metrum austan Þjóðvegur, er volgra í botni hans. Hún mældist nú 41,1°C en rennsli er óverulegt. Upphaflega var laugin um 10 metrum norðar en hljóp fram í skurðinn er hann var grafinn. Upphaflega var laugin lítill pyttur í deigjunni og þar fóru börn í fótabað meðan enn þar búið var (H11031, Kotlaugalaug).



Mynd 17. Hægra megin í skurðinum er laug (H11031) skammt sunnan við gamla bæjarstæðið á Kotlaugum.

44. Kotlaugahver er um 150 m vestan við gamla Kotlaugabæinn. Þar hefur verið borað og mestallur jarðhiti hvarf við það af yfirborði. Laugin var þar sem borholan KL-01 (B91071) er nú. Kotlaugahver er hornmark milli Kotlauga og Skipholts. Svæðið var fyrir borun um 10–20 metrar í þvermál og var ein uppkoman stærst og þar var hverinn. Allt í kring voru smærri holur og í þeim var bakað brauð og þveginn þvottur. Smávægilegur yfirborðsjarðhiti er nú í skurðinum norðan við holuna. Hiti mun upphaflega hafa verið um 90°C og rennsli ekki minna en 0,5 l/s (H11032, Kotlaugahver).

10 Kópsvatn

Jarðhiti eða jarðhitavottur er á fjórum stöðum í landi Kópsvatns. Tveir staðir eru um 2,5 og 3 km norðaustur af bænum, einn er um 500 m norðan við hann og einn um 750 m suðvestur af honum.

45. Um 2,5 km norðaustur af Kópsvatni og vestur af Kirkjuskarði er tún norðan vegar. Norðan við túnið er lækur sem fellur til vesturs ofan af dalverpi þar norður af. Milli túns og lækjar, beint á mótí svonefndu Hádegisnefi, er volga í mýri um 10 m frá læknum. Hún þornar aldrei að sögn Kópsvatnsbænda. Hiti mældist 11,3°C en rennsli hverfandi (H11033, Hádegisnef_1).
46. Uppi á syðsta rana Hádegisnefs eru dý á tveggja metra kafla með áberandi slýi en rennsli lítið. Þarna þornar heldur aldrei. Hiti mældist 13°C. Rennsli er hverfandi (H11034, Hádegisnef_2).



Mynd 18. Staðir H11033 og H11034. Hádegisnef er handan við lækinn og volgrur H11034 eru hægra megin á myndinni ofarlega en H11033 er hérna megin lækjar.

47. Um 500 metrum ofar með læknum er stakt auga í austurhlíð dragsins en það nefnist Borgardalur. Þessi staður er á mörkum Kópsvatns og Kotlauga en þó Kópsvatns-megin. Volgran er tveimur metrum ofan við lækinn. Hiti mældist 7,5°C og rennsli um 0,2–0,3 l/s. Mikið grænt slý (H11035, Borgardalur v. Einbúa).

48. Um 100 metrum austan við Hádegisnef í mynni Borgardals er dý sem kemur undan austurhlíðinni. Þar er mikið slý. Augað er 3–5 metra frá læknum. Hiti mældist 7,8°C og rennsli metið 1–2 l/s. (H11036, Hádegisnef_3).




Mynd 19. Velgja H11036 á Borgardal.

49. Mitt á milli Hádegisnefs og staðar nr. 48 er mýrarblettur skammt sunnan lækjar. Hann er um fimm metrar í þvermál og þar dúar og bólar upp. Hiti mældist 16,8°C en rennsli er lítið (H11037, Hádegisnef_4).



Mynd 20. Staður H11037. Horft inn Borgardal.

50. Um 500 metra norðaustur af Kópsvatnsbænum eru Stekkjartúnsdý sem nefnast öðru nafni Stórudý. Þarna er ótræðisflói sem er 30–40 metra langur og um 15 m á breidd. Það er moldarlitað. Bændur segja dýið botnlaust og það fraus ekki veturinn 1918 þegar allt fraus sem frosið gat. Hiti mældist 11°C en rennsli lítið (H11038, Stórudý/-Stekkatúnsdý).



Mynd 21. Stekkjartúnsdý norðaustan við Kópsvatn (H11038).

51. Um 750 metra suðvestur af Kópsvatni er Miðmundaholt og neðan undir því að vestan er Smærnadý. Það sprettur upp efst í grasivöxnum hvammi og er áberandi ljósgrænt af mosa og 10 metra langur taumur niður á jafnsléttu. Uppkoman er um þrír metrar á lengd undir holtinu. Hiti mældist 10,1°C en rennsli hverfandi. Volgran er rétt við landamerkin milli Kópsvatns og Bryðjuhólts (H11039, Smærnadý).



Mynd 22. Smærnadý á Kópsvatni (H11039).

11 Ás

Jarðhiti er um einn km austan við bæinn Ás og 750 m suðaustur af Hruna, beggja vegna við svonefnt Laugarholt. Til hægðarauka má skipta því í þrjú svæði. Tvö sem eru hvort sínum megin við Laugarholt (staðir 53–56 vestan holtsins en staðir 57–64 austan) og svo Sólheimalaug sem er nokkru sunnar (staður 52).

52. Sólheimalaug er um 500 metra sunnan við Laugarholt. Hún er í austurbakka Hyljalækjar sunnan við Músasund. Þar gengur 3–4 metra bugur inn í austurbakkann á læknum. Bugurinn er um tveir metrar í þvermál. Lækurinn rennur inn í buginn. Þar eru mörg augu og bólar víða mikið. Hiti mældist 37,6°C og rennsli vart minna en 5 l/s (H11041, Sólheimalaug).



Mynd 23. Sólheimalaug (H11041).

53. Vestan í Laugarholti við Kaldalæk. Laugin sprettur út úr sprungu á eins metra kafla austan lækjar. Hiti mældist 25,4°C og rennsli áætlað 0,1 l/s (H11042, Laugarholt_1).



Mynd 24. Volgra H11042 er vinstra megin á myndinni og handan lækjar.

54. 8–10 metrum sunnar er volgra sem mælist 28,9°C og rennsli metið 0,2 l/s. Hún er austan lækjar (H11043, Laugarholt_2).
55. Þremur metrum sunnan við nr. 54. er seytl með slýi og mældist það 24,5°C (H11044, Laugarholt_3).
56. Enn, átta metrum sunnar en nr. 55, er auga sem er um einn metri í þvermál. Hvítar útfellingar á steinum. Hiti mældist 23,7°C en rennsli óverulegt (H11045, Laugarholt_4).
57. Hrunalaug er austan við Laugarholt og er bílaslóð að henni. Laugin sjálf er austan til í sundinu austan Laugarholts. Þar hefur fyrr verið hlaðin upp laug og sprettur heita vatnið víða upp í botni hennar. Allstór volgur lækur, sem nefnist Laugarlækur, fellur frá staðnum til suðurs. Meginhluti vatnsins er nú leitt inn í hús sem notað var til að baða fé. Töluvert slý er við laugina og hvítar útfellingar á steinum. Hæstur hiti mældist 40°C og rennsli er um 10 l/s. Verulegar breytingar urðu í Heklugosinu 1970. Fyrst minnkaði vatn mikið en kom aftur seinna og var þá meira en áður (H10064, Hrunalaug).



Mynd 25. Hrunalaug (H10064). Uppkoman er fjærst á myndinni.



Mynd 26. *Hrunalaug.*

58. Um 10–15 metrum sunnan við Hrunalaug er seytl sem mældist 36,3°C heitt og myndar frárennslið litla stalla með hvítum útfellingum. Rennsli lítið (H11047, Hrunalaug_2).
59. Skammt frá nr. 58 er auga í grashallanum og mældist það 35,9°C og rennsli metið 0,3 l/s (H11048, Hrunalaug_3).
60. Um 10 metrum sunnar er auga sem er með hvítum útfellingum. Hiti mældist 34,3°C og rennsli um 0,2 l/s (H11049, Hrunalaug_4).
61. Um þremur metrum sunnar en nr. 60 er auga á smástalli. Hiti er 33,5°C og rennsli um 0,1 l/s (H11050, Hrunalaug_5).



Mynd 27. *Staðir 58–61 eru neðan undir graskinninni suður af Hrunalaug. Staður nr. 58 er næst á myndinni.*



Mynd 28. Staðir nr. 59 og 60, sá fyrrnefndi er rétt vinstra megin við miðja mynd.

62. Vað er á læknum skammt norðan við Hrunalaug. Austast á vaðinu og austan við lækinn eru smáuppsprettur. Hiti er 27,6°C og rennsli metið 0,2 l/s. Þessi staður er í bílaslóðinni (H11051, Hrunalaug_6).
63. Nokkru fyrir ofan bílaslóðina en austan lækjar er uppþornuð lind sem hvarf árið 1970 í kjölfar Heklugossins og hefur ekki komið aftur upp (H11052, Hrunalaug_7).
64. Skammt frá nr. 63 er vatnsból Áss. Þar hefur verið grafið og bólinu lokað. Hiti í er 9,4 l/s en rennsli óvisst (H11053, Hrunalaug_8).

12 Reykjadalur/Laugar

Öflugasti jarðhitinn í Hrunamannahreppi er talinn vera í landi Reykjadals (og Reykjabóls) og Lauga. Þar er hiti hæstur og yfirborðsummyndun óvenju mikil. Mestur er jarðhitinn í svonefndum Hveraási en þar trónir efst Hveranípa. Hveraásinn er mikið ummyndaður með köflum en hiti þó ekki nema á stöku stað. Borholan RB-01 (B91081) sem er á svæðinu hresstist töluvert í jarðskjálftunum 17. júní árið 2000.

65. Um fjögur hundruð metrum vestan við Laugar er Nónás og vestan undir honum er Laugalækur. Vestan við lækinn er stór kísilhrúðurskella sem er um 3–4 metra þykk og hátt í 100 metrar að lengd og 50 m að breidd. Inni í henni sjást nokkur svört öskulög. Þarna hefir í eina tíð verið mjög öflugur hiti en er nú nær enginn. Smávelgjur eru á þremur stöðum í útjaðri hrúðursins (H11057, Nónás_4).



Mynd 29. Hverahrúður (staður nr. 65) vestan Lauga.

66. Lítið auga norðan undir háum hrúðurbakkanum í litlum hvammi. Hiti mældist 7,1°C en rennsli hverfandi (H11054, Nónás_1).
67. 11,6°C heitt vatn sem seytlar fram á um þriggja metra kafla ofarlega við Laugarlækinn. Rennsli er hverfandi. Kemur upp á mörkum hrúðurs og jökulbergs sem undir er (H11055, Nónás_2).
68. Smávolgra við Laugalæk neðarlega undir hrúðrinu, slý nokkuð áberandi. Hiti mældist 9,3°C en rennsli hverfandi. Staðir nr. 65–68 eru allir í landi Reykjadals (H11056, Nónás_3).
69. Við farveg Laugalækjar, um 100 metrum ofan við kjaft gilsins, er kísilhrúður í norðurbakkanum. Það er a.m.k. 10 metrar í þvermál en engin velgja þar í grennd. Allt svæðið er vel gróið (H11058, Laugalækur_1, og H11306–H11309, Laugalækur_2–5).

70. Á flatanum undir bænum á Laugum er hverahrúður á stóru svæði og taumar frá því hér og þar niður brekkuna að austan og sunnan. Ekki sjáanlegur yfirborðsjarðhiti. Vera má að staðir 69 og 70 nái saman en allt er vel gróið. Þessi tveir staðir (69 og 70) eru í landi Lauga (H11059, Laugar_1, bæjarhóll, og H11310, Laugar_2, bæjarhóll).
71. Rosakrókur heitir í hlíðinni austan við Reykjadal á móts við Laugar. Þar er velgja í hlíðarfætinum. Nyrst er uppspretta í hallamýri. Hiti mældist 8,8°C en rennsli um 0,2 l/s (H11060, Rosakrókur_1).
72. Um 12 metrum sunnan við nr. 71 er önnur uppkoma í hallamýri en þar er þó grænt slý. Hiti mældist 8,4°C og rennsli metið 0,2 l/s (H11061, Rosakrókur_2).
73. Nokkru sunnar og fast við hlíðarfótinn er auga sem mældist 8,6°C en rennsli um 0,2 l/s (H11062, Rosakrókur_3).
74. Um 20 metrum sunnar er auga undir brekkunni. Hiti mældist 8,2°C og rennsli metið 0,2 l/s. Staðir 71–74 eru í landi Lauga (H11063, Rosakrókur_4).



Mynd 30. Rosakrókur heitir hvammurinn handan við túnin. Staðir nr. 71–74 eru á mýrarhallinum neðan við hvamminn. Horft í austur.

75. Austan við Laugalæk gegnt Hveranípu er stórt kísilhrúður sem nefnist Hverabakki, þar er allt þurrt. Hróðrið nær vestur yfir ána á kafla. Hróðrið er 5–6 m að þykkt og stendur verkstæðishús á bakkanum. Mun vera í landi Lauga (H11064, Hverás_1).



Mynd 31. Hverabakki handan við Laugalæk. Borholan RB-01 kennd við Reykjaból er í skúrnum. Vinstra megin við skúrinn sést í rauðleita ummyndun neðst í Hveraás. Horft í austur.

76. Nyrst í Hveraási þar sem lækurinn sveigir inn í gilið er rakur blettur í annars ummyndaðri hlíðinni. Hann er um einn metri í þvermál en 3–4 m ofan við Laugalæk. Hiti mældist 13,6°C. Rennsli ekkert (H11065, Hverás_2).



Mynd 32. Nyrsti hluti Hveraáss. Hveranípa er kletturinn til vinstri. Staður 76 ber undir nyrstu klettana í ásnum.

77. Nokkuð hátt í hlíð ássins og sunnar er allstór, dökkrauður blettur, um 5–6 m neðan við Hveranípu. Hiti mældist 20°C en rennsli ekkert. Ummyndunin er mjög leirkennd og ber keim af háhitaummyndun (H11066, Hverás_3).
78. Um 20 metrum sunnan við Hveranípu og um 5–6 m fyrir neðan brún er Hverinn eða Laugahver. Steypt þró er um hverinn en mikið sýður í henni og gufuúttreymi töluvert. Ljós svunta af hvítum og bleikum kísilútfellingum eru niður frá Hvernum og nær niður í Laugalæk. Hiti mældist 100,5°C og rennsli metið 3–4 l/s (H11067, Hverás_4, Hverinn í Hverási).



Mynd 33. Hverinn (nr. 78) ber yfir skúrinn en hægra megin er dökkrauður blettur sem er staður nr. 77.

79. Vesturbakka Laugalækjar norðarlega, innan við og gegnt Hverabakka, sprettur fram volgt vatn á um tveggja metra kafla. Þar ber nokkuð á slýi og hveraleir. Hiti mældist 22,1°C en rennsli sáralítið. Staðir nr. 76–79 munu vera í landi Reykjadals (H11312, Hverás_6).



Mynd 34. Staður nr. 79 í vesturbakka Laugalækjar ofan og gegnt Hverabakka.

13 Miðfell

Jarðhiti í Miðfellslandi er við Miðfellsgil, um 1,5 km suður af bænum.

80. Miðfellsgil. Hitinn kemur upp í gildragi sem gengur norður úr Miðfellsgili. Hann er um 15 m frá gilinu. Velgjan kemur upp á svæði sem er um 15 m í þvermál. Þar er ótræðismýri og mikið skepnuspark allt um kring. Dökkrautt slý við augun sem eru 5–10 talsins. Heitast mældist 17,8°C en víða 12–15°C. Rennsli metið 0,2–0,3 l/s. Hiti mun vera í aðalgilinu 10–15 m austar en fannst ekki nú (H11068, Miðfellsgil).



Mynd 35. Miðfellsgil til hægri en velgjan er í mýrarfeninu sem staurarnir standa upp úr.

14 Gata

Jarðhiti er á a.m.k. þremur stöðum í Götukeldu og eru þeir allir í vesturbakkanum. Ekki er víst að aðalvolgran hafi fundist.

81. Volgra í vesturbakka Götukeldu. Vatnið kemur undan þykkum jarðvegsbakka. Hiti mældist 12,1°C og rennsli metið 1–2 l/s. Um 2–4 metrum ofar eru tvær sprungur sem stefna N25°A og seytlar úr þeim 10–12°C vatn (H11069, Götukelda_1).
82. Allnokkru sunnar kemur upp vatn undan háum moldarbakka. Hiti 8,4°C. Grænt áberandi slý er við uppsprettuna. Rétt hjá er önnur sem mældist 6,6°C (H11070, Götukelda_2).
83. Töluvert sunnar er enn ein uppspretta í vesturbakka keldunnar. Þar seytlar fram 11°C heitt vatn og mikið af slýi ofan á leirklöpp (H11071, Götukelda_3).

15 Túnsberg

Liðlega 500 metra vestan við bæinn er mýri milli klapparholta. Hún heitir Brennimýri. Þar eru velgjur á tveimur stöðum.

84. Vatnsból Túnsbergs. Þar er þró utan um aðaluppsprettuna. Hiti mældist 12,4°C og rennsli metið 0,5 l/s (H11072, Brennimýri_1).
85. Um 30 m suðvestar er dý um 2 m í þvermál. Hiti mældist 9,4°C en rennsli ekkert (H11073, Brennimýri_2).



Mynd 36. Brennimýri við Túnsberg. Staður nr. 84 fjær en græni bletturinn í forgrunni er staður nr. 85.

16 Kluftir

Volgrur eru við svonefndan Laugarás um 500 m sunnan við bæjarstæðið í Kluftum.

86. Austan í Laugarási syðst er grafningur og efst í honum er uppspretta undir lágu barði. Þar er slý og hvítar útfellingar á steinum. Hiti mældist 11,7°C og rennsli metið 0,1–0,2 l/s (H11074, Laugarás_1).
87. Um átta metrum norðar er önnur volgra. Þar sprettur upp vatn á 4–5 metra kafla. Hiti mældist 14,5°C og rennsli 0,1–0,2 l/s (H11075, Laugarás_2).



Mynd 37. Laugarás í Kluftalandi. Staður nr. 86 er í öðrum grafningnum á miðri mynd en nr. 87 er í ógreinilegum grafningi lengra til hægri.

17 Syðra-Langholt

Jarðhiti er við svonefnt Mógötutún nærri landamerkjum Syðra-Langholts og Unnarholts.

88. Volgadí er í landi Syðra-Langholts I. Þar kemur upp volgt vatn í skurði sunnan Auðsholtsvegar. Volgran er um 25 m sunnan við veginn og í vesturbakka skurðarins. Vatnið kemur greinilega undan skurðruðningnum á um 7–8 m kafla. Hæstur hiti mældist 14,1°C og rennsli er um 0,2–0,3 l/s. Áður en skurðurinn var grafinn var þar dí í hallamýri (H11250, Volgudý).




Mynd 38. Volgadí er í hægri skurðbakkannum handan girðingar. Unnarholt í baksýn.

18 Auðsholt

Jarðhiti er á tveimur stöðum í landi Auðsholts. Annars vegar í svonefndu Laugaflóði austur við Litlu-Laxá en skammt ofan við Auðsholtsveginn og eru þar fjögur stór augu í flatrí mýri sem nú hefur verið ræst fram. Laugaflóð er í landi Auðsholts II. Hins vegar út í Hvítá við ármót Laxáanna og Hvítár. Síðasttaldi jarðhitinn hefur aldrei verið skoðaður og þaðan af síður mældur en að sögn Auðsholtsmanna myndast þar lítil vök þegar ís er yfir. Hún er nær austurlandinu en vesturlandinu. Ekki höfum við nákvæma staðsetningu á þessum stað.

89. Syðsta augað í Laugaflóði er um 1–2 m í þvermál en þar bræðir af svæði sem er um 5 m í þvermál. Lítið bólustreymi en leiruppkoma. Hiti mældist hæstur 33,1°C. Rennsli er mjög erfitt að meta en fer vart yfir 0,1–0,2 l/s (H11108, Laugaflóð_1).
90. Um 17 metrum norðaustan við 89 er pyttur um 1 m í þvermál en afbræðsla 3–4 m í þvermál. Vatnið er móleitt og ekkert bólustreymi. Hæstur hiti mældist 22,4°C og rennsli er lítið (H11109, Laugaflóð_2).
91. Um 18 m norður af stað 90 er pyttur um 1,5 m í þvermál og var grænt í kring. Lítið bólustreymi en talsverð leiruppkoma. Hæstur hiti mældist 38°C en rennsli er lítið (H11110, Laugaflóð_3).
92. 20 metra austur af stað 91 er stórt afbræðslusvæði, um 7–8 m í þvermál. Þar er bólustreymi á nokkrum stöðum og ber nokkuð á ljósgrænu slýi og stórvöxnum vatnagróðri. Enginn pyttur sjáanlegur. Hæstur hiti mældist 16,4°C en rennsli er vart meira en 0,1–0,2 l/s. Heildarrennsli staða 89–92 fer vart yfir 0,5 l/s (H11142, Laugaflóð_4).
93. Við ármót Laxár og Hvítár. Vök myndast þar á vetrum. Staðurinn er gegnt Laugarási. Ekki vitað um hitastig eða rennsli.



Mynd 39. Laugaflóð í Auðsholti.

19 Skollagróf

Smávelgja er í skurði skammt austur af bænum.

88. Í skurði ofan við svonefnda Neðstuskák beint niður af bænum, í 150–200 m fjarlægð, er volgra í skurði. Skurðurinn er fjórði í röðinni frá bænum. Grænt gras á kafla og afbræðsla niður eftir skurðinum. Volga vatnið kemur greinilega upp á um eins metra kafla. Hæstur hiti mældist 10°C en rennsli er sáralítið (H11255, Skollagróf_1).
89. Sé skurðinum fylgt í suðvestur mætir hann öðrum skurði og sveigir niður brekkuna eftir að þeir koma saman. Þar er smávelgja, þó aðeins 6°C en annars staðar var hiti aðeins 2°C. Er í suðvestur frá stað 94 (H11256, Skollagróf_2).



Mynd 40. Staður 94 við Skollagróf.

20 Flúðir

Jarðhitinn á Flúðum er öflugur og liggur á línu og er bæði sunnan og norðan Litlu-Laxár. Hér verður skipt um ána. Laugarnar eru með köflum mjög þéttar og erfitt að greina á milli einstakra auga. En það skal reynt en verður aldrei nema yfirlit. Verulegum örðugleikum er bundið að meta rennsli og er full ástæða til að gera út sérstakan leiðangur til þeirra afreka. Heita má að á öllum stöðunum séu hvítar útfellingar á steinum.

20.1 Högnastaðir/Gröf

Í þessum kafla er lýst jarðhitnum norðan við Litlu-Laxá. Svæðið næst Litlu-Laxá nefnist Hverahólmi. Einnig er jarðhiti sunnar með ánni kringum Grafarhver og Fúl.

96. Þriggja metra löng sprunga, sem stefnir N30°A, sunnan undir Vaðmálahver og í nyrðri árbakka Litlu-Laxár. Hæstur hiti syðst er 89,3°C. Sprungan gengur upp í Vaðmálahver. Sprungan er í völuþergi og sandsteini frá ísaldarlokum (H11089, Litla-Laxá_1).



Mynd 41. Staður H11089 sunnan undir Vaðmálahver.

97. Vaðmálahver er um 5–6 m norðan við Litlu-Laxá. Hann er í breiðri bungu en hverinn sjálfur er um 2,5 m í þvermál. Bungan er um tveggja metra há. Í skálinni bólar og sýður. Hiti mældist 100,5°C (H11076, Vaðmálahver).



Mynd 42. Vaðmálahver (H11076).

98. Auga sem er 75 sm í þvermál og er austan í Hverahólma, norðaustan við Vaðmálahver. Hiti mældist 84,4°C (H11077, austan Vaðmálahvers).
99. Básahver er 20 metrum norðan við Vaðmálahver. Í kringum hann eru tvær steypar, ferkantaðar þrær og stutt á milli. Í hvernum sýður og bullar og töluvert bólustreymi. Hámarkshiti er 100,5°C (H11078, Básahverir_1).
100. Steypt ferköntuð þró um 10 m norðar. Í henni sýður og bullar. Hámarkshiti 98,5°C (H11079, Básahverir_2).



Mynd 43. Básahver eru holurnar tvær næst á myndinni. Staður H11079 er steypa þróin fjær.



Mynd 44. Staður H11080 er steypa rörið fjærst á myndinni en staður H11081 er mjóa rörið nær. Staður H11082 er á milli þeirra.

101. Þró í steyptu röri. Hiti mældist 103°C (H11080, Litli-Geysir_1).
102. Þró undir mjóu járn Röri. Staðir 101 og 102 gjósa á víxl (H11081, Litli-Geysir_2).
103. Hringlaga hver sem rennur í þró þar skammt frá. Hiti er um 98°C (H11082, Litli-Geysir_3).
104. Steypt rör norður undir vegslóðanum. Mun hafa vera sett yfir hver. Nú þurrt að mestu (H11083, Litli-Geysir_4).



Mynd 45. Básahver er rétt hérna megin við steypta skúrinn. Sundlaugin hægra megin á myndinni var reist um 1910. Litli-Geysir mun hafa verið undir einum af brunnunum sem næstir eru. Staður H11083 er rörið sem næst er á myndinni.

105. Steypt rör og gufar þar upp. Hiti mældist 90,5°C. Þar jókst hiti í skjálftunum 2000 (H11084, Litli-Geysir_5).
106. Auga norðan við leirtjörn norðan vegslóða. Hiti mældist 97°C (H11085, Litli-Geysir_6).



Mynd 46. Staður H11085 er járnbrunnurinn á miðri mynd. Staður H11086 er skammt handan við tjörnina til hægri á myndinni og staður H11087 er við skurðruðninginn fjær.

107. Hiti var í skurði þar skammt norðar sem nú hefur verið fyllt upp í (H11086, Litli-Geysir_7).
108. Draugahver er nyrst á þessari línu. Þar mældist hiti 96,3°C og kom hverinn til í skjálftunum árið 2000. Um þremur metrum suðvestan við hverinn er lítil, steipt þró (H11087, Draugahver_1 og H11088, , Draugahver_2).
109. Suður við Litlu-Laxá og austan við Vaðmálahver eru nokkrar laugar. Í árbakkanum skammt austan við Vaðmálahver er lítið auga sem mældist 59,4°C (H11089, Litla-Laxá_1).
110. Um tveimur metrum austar vætlar 85,7°C heitt vatn út úr hvarfleir (H11090, Litla-Laxá_2).
111. Enn austar er lækur og við hann eru þrír hverir. Sá vestasti kemur upp undan stórgryti sem þar hefir verið hlaðið. Hverinn er 97,5°C heitur (H11091, Litla-Laxá_3).
